


# HEIMIR



V. árgangur

WINNIPEG, 1909.

12. blað.



DR. EDWARD EVERETT HALE—3 Apríl, 1822—7 Júní, 1909

## DR. EDWARD EVERETT HALE



ÞEÐ láti Dr. Edward Everett Hale's er einn merkasti maður síðastl. aldar hníginn til jarðar. Því fremur má telja hann til aldarinnar sem leið, en þessarar, þó æfi hans entist þetta. Um langan tíma hefir hann borið höfuð og herðar yfir samtíð sína, sem þjóðfélagsfræðingur, guðfræðingur, skáld og mikilmenni. Hvarvetna hefir hans að góðu verið getið, um mentaða heiminn, og eins og Gladstone hefir hann lengi verið kallaður "The Grand Old Man," gamla mikilmennið.

Lífsstarf hans til enda, er innofsið í þjóðmála sögu Bandaríkjana og verður ekki frá því sagt nema að segja 100 ára sögu Bandaríkja þjóðarinnar um leið, sögu 19 aldarinnar. Og hefir engum tekist það betur að verja allri æfi í þarfir lands og þjóðar en honum. Afskiptin voru öll í þá átt að manna og menta þjóðina og veita henni tilsögn og hjálp í sjálfstæði, sjálfsvirðingu og frjálsræði. Dr. Hale var "lýðstjórnarandinn," er vakti yfir velförnun heimilanna, konungsvaldi einstaklinganna, heill þjóðstjórnarinnar, og framar öllum öðrum rétti á stalli guði lýðveldisins þegar manndómsleysið, eða okur auðvaldsins hótaði þeim hruni. Þá með sögum, ritgjörðum og ræðum, kvað við rödd hans meðal lýðsins, og það lýsti af ásjónu hans og klæði hans ljómuðu, eins og þess, sem fengið hefur þá köllun að leiða samtíðarsveit sína undan þrældómsokinu. Orð hans voru svo ljós, fortölur hans svo skýrar, tilgangurinn svo auðsær, stefnan svo ákveðin, að hugur manna mæddist ekki og eyru manna daufheyrðust ekki við áminningum hans. Persóna hans sjálfs var svo fráskilin öllum þeim athöfnum, að það var eingöngu andi þjóðveldisins sem talaði og bauð, í nafni almanna heillar.

Ritgjörðir hans eru ótölulega margar. Efni flestra þeirra eru "Uppfræðslumál," "Trúarréttisýni," "Einstaklings réttindi," "Borgaralega skyldur," "Þjóðfrelsi," og allslags umbætur í byggðum og borgum. Allar eru þær mjög einkennilegar. Í flestum þeirra dregur hann fram eitthvert dæmi eða smásögu, úr viðburðarlífi þjóðarinnar sjálfrar, og með þeim dæmum útskýrir hann, það sem hann skrifar um í það skiftið. Flestar eru það sögur er menn kannast óljóst við, er nokkuð eru kunnugir sögu þjóðarinnar. En í frásögu hans fá þær líf, virkilegaleika og djúpa þýðingu. Hann kendi þjóðinni á hennar eigin máli, með dæmi feðranna, úr smásögusafni þjóðlífsins. Þessvegna eru öll hans rit líka þjóðlegust og alþýðlegust allra þeirra er ritað hafa í Bandaríkjunum. Hann sótti nauðalítið til Grikkja eða Rómverja, og þó þekti hann sögu þessara þjóða vel. Zeus-pater og De-meter bregða ekki upp stóru ljósi yfir vandamálum og skuggahliðum þjóðlífsins nú á dögum, og eiga naumast meira erindi inn í bókmentaríki vort, vestrænna þjóða, en vængjuðu nautin—fornu. Kosturinn við allar ritgjörðir hans er sá, að myndir þeirra og þýðingar eru allar þjóðlegar, dregnar fram úr þjóðlífinu sjálfu, og leysa úr viðfángsefnum þjóðfélagsins sjálfs, á þann hátt að þjóðin er sinn eigin kennari og leiðsögumaður. Það eflir ekki lítið þjóðarþróttinn og sjálfstraustið sem í þeim efnum er svo ómissandi. "Sjálfr leið þik sjálfann," voru Dr. Hale ekki ógeðfeld orð. Sannvizka mannsins vekur einstaklinginn til hugsana og áhvarðana þegar til kasta kemur. Dæmi feðranna einkennir líf hverra þjóðar útaf fyrir sig, gefur því séreinkennin, og þegar til kasta kemur hvetja þau dæmi þjóðina til að viðhalda þeim séreinkennum, sínu einstaklings lífi. Og einkenni Bandaríkjanna þjóðarinnar er, að skoðun Dr. Hale's, almanna rjettindi—það eru lífs-einkenni alls lýðveldis. Kemur þessi skoðun hans fram, sem annarstaðar, í kafla úr ritgjörð er birtist í þýðingu í fjórða árg. "Heimis" og nefndist "Þjóðveldi."

Dr. Hale er af landnema ættum Nýs Englands ríkjanna og fæddur 3 Apríl, 1822, í Boston. Mentun sína hlaut hann alla í fæðingar borg sinni, gekk fyrst í latínu skólann í Boston og að

loknu námi þar, innritaðist í Harvard háskólann. Þar lagði hann sig eftir heimspeki og söguvísindum. Frá guðfræðis-skólanum við háskólann útskrifaðist hann 1846 og vígðist til Unitaríska safnaðarins í Worcester í Massachusetts ríki. Tíu árum síðar tók hann við prestsþjónustu hjá "South Congregational Unitara Kyrkjunn" í Boston og hélt þar embætti þangað til vorið 1900 að hann var skipaður Chaplain, í Senatinu í Congressi Bandaríkjanna. Það embætti skipaði hann þegar hann lést, 10 Júní, þ. á.

Dr. Hale var afar einkennilegur maður í sjón. Hann var hár vexti og þrekinn vel, með stærri mönnum. Andlitið var ekki frítt en svipurinn höfðinglegur og mannúðlegur. Hann var ætíð glaðvær og vel fyndinn í orði, ræðumaður góður, og fylgdi orðum hans og framsögu sannfæring og djúp lotning og alvara. Mjög viðsýnn var hann í trúarefnum, og þótt hann leyndi engan mann skoðanna sinna, var hann engu minna virtur meðal kyrkjulegra andstæðinga en trúbræðra sinna.

Auk ritgjörða hans í blöðum og tímaritum liggja eftir hann fjöldi skáldsagna. Merkust af sögum hans er talin skáldsagan "The Man Without a Country"—Maðurinn er ekkert átti föðurland. Kom saga þessi út árið 1861 í byrjun þrælastríðsins. Efni þeirrar sögu er tekið úr viðburði Bandaríkjá sögunnar, er gjörðist frá árunum 1804-8, þegar Aaron Burr ætlaði að setja á stofn Keisaradæmi fyrir vestan Alleghany fjöllin. Talið er að saga þessi hafi stutt að fullum sættum, meir en nokkuð annað, að afloknu stríðinu. Og þótt ekkert lægi eftir Dr. Hale annað en þessi saga myndi nafn hans aldrei gleymast, meðan Bandaríkjá þjóðin mælir á enska tungu.



# HARALDUR S. VÍDAL

## MINNING ÚR FERÐ UM NÝJA ÍSLAND

23-5-'06

GÓÐI VINI:

Það var í vetur, að þú hálf mæltist til að eg kvæði hending, við lát Haraldar heitins Víðals. En, þú átti eg enga úrkosti, til að segja neitt, okkur sémilegt. Þegar eg kom til Hnausa, það Stephan þar, mig ins sama, og kvað sér hafa verið svo vel til Haraldar heitins, sem hefði hann verið niðji sinn. Eg kyntist ögn Sigurði Víðal, þar um kveldið. Hann bar sig dréngilega, og var eitthvað svo alúðlegur við mig, að mér fannst. Upp úr þessu öllu hefi eg nú kvæðið kvæði og sent Stephani. Hérna er afskriftin af því, ef þú vilt hafa hana handa "Heimi."

Vinsamlegast,

STEPHAN G. STEPHANSON

## I

Vatnið lá hálf-frosið, hemað við strönd  
 haust bjó í skóginum. Tún stóðu ber.  
 él fór að utan sem andvarp um lönd.  
 Úrkoman storknaði í marmara-gler.  
 Al-byrgða himinsins hangandi þoka  
 héraðið tjaldaði frostveðra-grátt,  
 læsti út upprof og lokaði átt.  
 Hörzl breytti þjóð-leið í hraunstorku-oka.  
 Ekran var hellu-gólf hálmbleikju-gljátt.

Vatnið lá dautt undir ótryggum ís,  
 eggslétt og blákalt og hljótt eins og þoka,

þegar um sumar-nótt fjalla-loft frýs—  
feigð-döpru auga sem jörð væri að loka—  
lygndi við skóg-merkur bliknaða brá  
brestandi sjón út í vetrarins dá.

## II

Og eins fanst mér sjálfum mér sortna um önd  
—þó sveit væri gestmild og fylgdin in besta—.  
Sem íslenzkar raunir á útlegðar-strönd  
í ímyndun næðu sig daprar að festa.  
Eg vissi það, hérna—eins kjarkstórt sem kvíðið—  
að kynfólk mitt háði sitt beiskasta stríðið.  
Í mannsaldur féllu hér æska og elli  
við óleik og mínkun, að halda þeim velli.

Og mér fanst sem kólga frá högum og höfum  
að hjarta mér legði' upp af íslenzkum gröfum,  
og vetrar-lofts snjódrunginn vofa svo þungur  
sem viðraði um umliðnar pestir og hungur

## III

Einn útfarar-dagurinn íslenzkra vona  
rann upp yfir sveitina, og bjó hana svona !  
Því örenda drenginn, úr djúpinu hafinn,  
þann daginn eg vissi uppá strönd sinni grafin.

En þó var ei alls-vörnun á hana dæmd,  
því uppeldis-sveitin fékk dygð 'ans og hróður.  
Hann kvadd' 'ana ungur, en kvaddi með sæmd,  
hann klauf gegnum skammlífi að vera 'enni góður.  
Hún mátti hann ungann og andaðann sýna,  
sem óska-barn tregað, en virðingu sína.  
Og litið hún gat gegnum harmana hreina  
svo hugdjörf á rúmið hans tómlega og eina.

Og þar hef' eg litið frá leiðinu því,  
til lífs-starfa föðurinn hraustlegast ganga

með þögulan söknuðinn augunum í,  
 en alúð við gest sinn í missinum stranga—  
 Já, það gerir minst, þó í móðu eða reit  
 að máðar og sand-örpnar grafirnar standi :  
 Því feður þeir ráða og synir í sveit  
 þá sigur er fenginn og vor er í landi.

'09

*Stephan G. Stephanson.*

Kvæði það sem hér fer á undan eins og það ber með sér og skýring höfundarins gefur til kynna, snertir sorgaratburð er skeði haustið sem leið, að tveir ungir menn úr Nýja Íslandi drukknuðu ofan um ís á Winnipeg vatni, vestanverðu, norður við Jack Head. Þeir hétu Haraldur S. Vidal og Jón Olafur Stefánsson. Þeir voru að fiska og voru á leið að vitja um net er slisið vildi til. Það var Þriðjudaginn, 17 November, vatnið lagt fyrir skömmu og ís ótraustur. Höf. var þá hér eystra Við urðum samferða norður á Hnausa til Sigurðar, föður Haraldar, daginn fyrir útförina. Skáldið til þess að flytja kvæði sín á mannfundi vestur við Geysi, en eg til að vera viðstaddur jarðarförina. Það var hríðarkulda veður er við ókum norður frá Gimli með þeim Hra. Eggert Johannssyni og Jóhannes í kaupm. Sigurðssyni og drungi yfir byggðinni til lofts og lands. Báðir þessara ungu manna voru hinir efnilegustu menn og þeirra alment saknað.

Haraldur heitin var fæddur á Kamphóli í Vísidal í Húnavatnssýslu, 5 Apríl, 1880, og fluttist hingað til lands sumarið 1887 með foreldrum sínum og hafði síðan átt heima norður við Hnausa.



## FÉLAGSMÁLIN

Samkvæmt ályktan er gjörð var á þingi Ameríska Unitara félagsins í Boston nú á þessu vori eru nýjar ráðstafanir gjörðar viðvíkjandi missions málum vorum. Kyrkjufélagi voru er veitt full meðferð allra sinna sérstöku mála og ræður það framvegis hversu haga skuli til með trúboðstarfseminna : þannig að stjórnarnefnd félagsins, sem kosin er á hverju þingi, hefir framkvæmdar og úrskurðarvald í öllum málum hinna ýmsu safnaða og félagsins í heild, er annars hefði átt að vísast austur til þeirra í Boston. Stjórnarnefnd vor ræður og einnig hvar byrja skuli á nýjum stöðvum, trúboðsstarf og að nokkru hversu þeim vinnukröftum er félag vort hefir yfir að ráða, skuli niðurskift. Aðeins í þeim einum málum er krefjast fjárframlaga frá þeim í Boston þarf að leita samþykkis alsherjar félagsins. Oss er og veitt lán til ákveðins tíma, tíu ára, til að kosta útgáfu allra þeirra nauðsynlegra rita er starf vort útheintir, svo sem lærdómskvers, sunnudagsskóla bóka og sálmabókar.

Ennfremur er skipaður af alsherjar félaginu "Field Missionary", er eftirlit hafi með útbreiðslumálum vorum, hafi útgáfumálin með höndum og að öðru leiti, með trúboðsferðum og safnaðamyndunum, styðji að vexti og viðgangi félagsins. Hann er settur hér fyrir hönd alsherjar félagsins og fer með þau mál er ganga þurfa milli kyrkjufélags vors og aðalfélagsins í Boston. Starf hans verður í sameiningu með kyrkjufélags nefnd vorri.

Áhvæði þessi öðlast gildi með 1 Sept. n.k. og verður þá sú breyting gjörð hér við Winnipeg söfnuð að núverandi prestur fer frá söfnuðinum og tekur við "Field Missionary" starfinu, en í hans stað kemur hingað Hra. Guðm. Árnason, B.D. er nú um síðastliðið ár hefir dvalið við Berlinarháskóla á Þýzkalandi sem "Crufts Fellow" frá Meadville guðfræðisskólanum, og tekur við prestspjónustu safnaðarins. Er sú ráðstöfun öllum hlutað-



eigendum hið mesta ánægjuefni, því Guðmundur mun nú vera einhver færasti guðfræðingurinn íslenzki hér vestra, og þess utan mikilhæfur maður, og hinn beztu drengur. Ætti breyting þessi að verða oss til hins mesta gagns og málum vorum til eflingar og blessunar í framtíðinni.

Í sumarfríu starfa þeir Albert E. Kristjánsson og Sigurjón Jónsson báðir í þarfar kyrkjufélags vors. Þeir eiga nú aðeins eftir einn vetur við guðfræðisskólann í Meadville, og koma hingað albúnir næsta vor. Það smá bætist við í hópinn þótt líðsmanna safnið sé lítið ennþá. Svo er í vændum, að minsta kosti fari einn nemandi austur til Meadville í haust héðan úr bænum. Gott hefði það verið ef einhver íslenzka byggðin hefði nú getað lagt til annann og séð honum svo á eftir fyrir verkefni. Jafnargir frjálssyndir menn eins og eru út um byggðir vorar víðsvegar, mætti það virðast undarlegt sannarlega, ef ekki fyndist einn er svo mikla trú hefði á trú sinni, svo mikið traust bæri til samfélagsmanna sinna og framtíðarinnar að hann áráddi að leggja sig eftir námi og gjöra frjálstrúarmálin að lífsstarfi sínu. Þarfara verkefni er ekki til og um göfgi og réttmæti þeirra mála efast enginn.

Hra. Albert E. Kristjánsson dvelur í Álptavatns og Grunnvatns byggðum í sumar og er aðallega ráðin í þjónustu safnaðarins við Mary Hill. Gjörir sá söfnuður vel, ekki fjölmennari né efnaðri en hann er, er hann sér Hra. Kristjánssyni fyrir öllum nauðsynlegum kostnaði meðan hann dvelur hjá honum. En ekki efumst vér um það, að félagsmenn sjá er hausta tekur að þeir hafi varið því fé vel, því árangurinn mun fyllilega bæta upp þann tilkostnað. Að dæmi þessa safnaðar mætti fleiri fara. Það ógagnlegasta sem til er, er að látast vilja og látast vera. Það þarf bæði að vilja og að vera. Annað gagnar ekki hér í þessum heimi, og það ættum vér Íslendingar að vera búnir að læra fyrir löngu. Það er ekki hægt að ryðja trúarsannfæringu sinni braut án félagsmyndunar—án safnaðar—og enginn söfnuður fær þrifist án prests. Hálfverknaðurinn og hikið er handa og fóta-

laust. Og vér, sem einn að minnsta kosti, erum orðnir þjáðir og þreyttir á þeim sem þykjast eiga hönk uppí bakið á oss og þykjast hafa keypt vináttu vora, greiða, þjónustu og snúninga, sér til eignar, með hikandi jái og hopandi augna ráði þær stundir er vér höfum staðið við hlið þeirra og styrkt þá í knésbótum. Og "Heimir" er ófeiminn að geta þessa.

Hra. Sigurjón Jónsson er á sama stað og í fyrra sumar, vestur í Foam Lake nýlendu. Hann fór þangað skömmu eftir að hann kom að austan og verður þar fram í Sept. mánuð. Engin söfnuður hefir myndast þar ennþá, en í vonum er að safnaðar myndun takist þar á þessu hausti, því margt er þar frjálshugsandi manna.

Búist er við að hið 5ta þing kyrkjufélags vors verði haldið nú á þessu komandi hausti, seint í Sept. mánuði. Og eins og ráð var fyrirgjört á síðasta þingi kemur það saman vestur við Mary Hill, í Álptavatns byggð. Þá er búist við að forseti kyrkjufélagsins Hra. S. B. Brynjólfsson verði komin heim aftur úr Íslands ferð sinni. Er það og líka nokkuð fyrir þær ástaður að þingið verður ekki kallað fyrir, að ánægjulegra þótti að hann gæti verið þar viðstaddur, með því líka að allmikið verk liggur fyrir er meðfram stafar af þeim breytingum sem að framar er getið. Þá verður og Hra. Guðm. Árnason, B.D., kominn vestur og vonandi Hra. Þorbergur Þorvaldsson, skrifari félagsins, er dvalið hefir nú árlangt eystra við Harvard Háskólann.

En með því að vér nefndum Þorberg Þorvaldsson, fáum vér ekki stilt oss um, að geta þess að nú í Júní mánuði gekk hann undir Meistara próf í vísindum við Harvard Háskólann og lauk því með bezta vitnisburði. Auk þess hlaut hann ýmskonar verðlaun sem nema alls \$700.00 fyrir ágætis frammistöðu. Háskóla vitnisburður hans mun betri en nokkurs annars Íslendinga hér í landi. Og svo er hann sá fyrsti er tekið hefir Meistarapróf. Að vísu hefir Síra Stefán Pálsson (bróðir Vilhelms Pálssonar hér í bænum) hlotið Meistara nafnbót fyrir verðlauna rit er hann samdi nú fyrir nokkrum árum, en ekki gekk hann undir próf til þess, það kunnugt sé.

Peir eru ekki margir íslenzku meistararnir hér eða heima. Er Meistari Eiríkur Magnússon í Cambridge á Englandi, sá elsti, en Þorbergur áreiðanlega sá yngsti. Og báðir eru þeir Unitarar.

Þá er enn eftir eitt, er vér höfum ekki með jafnaði minnst á—en það er “Heimir”. Með þessu blaði endar fimti árg. blaðsins. En með þessu blaði hafi líka orðið töluverð umskifti með hagi blaðsins og munu menjar þess sjást nú þegar en þó ef til vill betur síðar. Einn aðal hvatamaður að stofnun blaðsins og sá er mest hefir verið að þakka að það hefir komið sæmilega fyrir—ættið að ytra frágangi og aft að efni—er nú hættur öllum afskiftum af blaðinu, fyrir það fyrsta í bráð. Einsog kunnugt er hefir Hra Gísli Jónsson selt prentsmiðju sína, og tekið að sér formenzku við enska prentsmiðju hér í bænum. Umskiptin eru honum að mörgu leyti góð og unnum vér honum þess vel. Staðan sem hann tekur er efnileg og lífvænleg, efnilegri en sú að vera útgefandi “Heimis”, en skaði “Heimis” fyrir það er þó engu minni og saknar hann þeirrar breytingar.

Fyrir samvinnuna í þessi fimm ár viljum vér þakka. Hún var jafnan góð. En þökk er óþökk þegar þar er ekkert til að sýna, utan orðin. En þegar nú styrktarmenn blaðsins þannig tapa tölu—þeir er sér einsætt hafa að láta blaðið koma út á hverju sem gengi—svo að senn eru nú eftir aðeins einn eða tveir, þá verður oss það, að líta til framtíðarinnar með efasemd nokkurri og spyrja, hvað verði nú til trausts og styrktar? Vita-skuld ber þessi árgangur blaðsins það með sér, að ekki hvíli umsjá og útbreyðsla þess á herðum eins eða tveggja, og þótt annar þeirra manna er verið hafa aðal starfsmenn við blaðið, verði nú að leggja frá sér verkið, ætti ekki blaðinu að vera stór hætta búin. Í fyrsta tölublaði þessa árgangs eru samþykktir og gjörðir Unitaríska kyrkjufélagsins byrtar, frá árinu í fyrra. Og þar, á meðal annars er yfirlýsing þess efnis að “Heimir” sé viðurkendur sem málagn kyrkjufélagsins og hver þingmaður lagði sér sjálfviljuglega þá skyldu á bak, þá, með þeirri þings-

yfirlýsingu, að efla blaðið og útbreyða það. Það hafa því verið milli 30—40 manns er vinna hafa átt að útbreyðslu blaðsins á árinu.

Hve mörgum áskrifendum hefir hver þeirra safnað? Hve margir hafa munað eftir þessari eða hinum öðrum samþykktum, er þeir gjörðu síðastl. sumar? Hver er árangurinn af starfi þessara 30—40 manna? Enginn. Blaðinu hefir ekki bæzt einn einasti kaupendi fyrir milligöngu þeirra. Ekki einn einasti eyrir verið innheimtur af útistandaudi skuldum út um sveitirnar, af þeirra hendi, og ekki sést þess nokkur vottur að nokkur tilraun hafi verið gjörð í þá átt. Hefði það getað látið sig gjöra að hver hefði safnað fimm nýjum áskrifendum væri ekki eingöngun leyst úr fjárhagslegum vandamálum blaðsins, heldur líka unnið mikið að útbreyðslu vorra sameiginlegu skoðanamála. Og um það ætti öllum að vera hugað. En til þess tjáir svefninn sízt, og áhugaleysið og hirduleysið með að bera ábyrgð sinna eigin orða og samþykta. Þetta er sagt í allri alvöru. Vér erum enn sem komið bræðrum vorum í Lúterska kyrkjufélaginu eftirbátar í því að koma samþykktum vorum til framkvæmda. Vér erum full skjóttir til samþykta en of seinir til framkvæmda. Þetta þarf að breytast.

Það er áreiðaðlega víst, að trúarhreyfing vor þarf að leggja sig fram um að fjölga frjálslýndum söfnuðum víðsvegar um byggðirnar, fá fleiri efnilega unga menn til þess að leggja sig eftir guðfræðis námi svo bæzt gæti úr kennimanna fæðinni sem nú er, en hitt er þó engu síðar víst, að hún má ekki heldur án blaðs vera er eflt geti frjálslýndar skoðanir út á við og orðið til þess að mynda samhug og samtök meðal þeirra manna er unna slíkum málum.

Á það vantar ekki nema örlítið nú. Bæta við kaupenda-tölu Heimis svo hann fái vel borið sig og að fleyri leggji hönd á verkið sem hann er að vinna að og sendi honum ritgjörðir um þau mál sem frjálslýndum mönnum eru áhuga efni og geta verið félagshreyfingu vorri til fróðleíks og uypbyggingar. Þá er málgagn félagsins fengið. Og það er hægra að styðja en reisa.

Þær ritgjörðir þurfa ekki að vera vísindalegar. En þær þurfa að vera skynsamlegar og helgaðar góðum og göfugum tilgangi. Oss hafa borist yfir þessi síðastliðin fimm ár ótal ritgjörðir er vér ekki höfum getað byrt. Margar þeirra virtust ekki vera samdar með neinum sérstökum tilgangi en vera bláþráðavefur stefnulauss og reikandi huga. Aðrar voru um heimugglegar sérvizkur eða þá hindurvítni afgömul og úrelt er höfundarnir héldu vera spán-nýjan fróðleik vísindalegra upp-götvana þessara síðustu tíma. Langa ritgjörð fengum vér síðastliðið sumar. Hún var eitt afskaplegt sambland af þeósófskum þvættingi er höfundurinn hefir auðsjáanlega öðlast með lestri þessara "occult" rita sem úir og grúir af meðal fáfróðustu stéttamanna þessa lands. Hugmyndirnar voru svo bersýnilega gleyptar í heilu líki úr enzku, að orðin "Guðsríki" og "Himnaríki" urðu að "konungdómi Guðs" og "konungdómi himnanna" í ritsmíðinni. Þessháttar ritsmíðar eru engum til nota og allra sízt höfundunum sjálfum, að fá þeim komið á prent. Nei, vér endurtökum það, ritgjörðir er Heimir óskar eftir eru þær er binda sig við göfugan tilgang og eru um þau efni er þjóð vorri getur verið nytsemd og fróðleikur í.

Þau efni eru mörg. Ekki öll endilega einskorðuð við trúfræðina. Um trúmál geta þau verið fyrir því ef vill. Eiginlega eru öll mál trúmál, hverju maður eigi að trúa á þessum og hinum greinum. Það er til trú á daglegu lífi, engu síður en trú á lífið eftir dauðann.

## ÞJÓÐIN

Í mörgum greinum erum vér á undan hinum forna heimi. Skilningur vor er skýrari, sjón vor skarpari, trú vor dýpri, menning vor meiri. En í einu erum vér þó á eftir og það er í þjóðlegum skilningi, hvað orðið þjóð þýðir, fyrir einstaklinginn og fyrir reglubundið mannfélag. Gyðingar til forna trúðu því að samband sitt við guð væri þjóðar samband. Drottinn gjörði samband við þjóðina og frelsun og útvalning einstaklingsins, sæld hans hér og síðarmeir hvíldi á velferð þjóðarinnar sem

heildar réttlæti hennar trúleika við guð og það göfuga í þessum heimi. Ef þjóðin féll eða sökk í óvirðingu, lesti og smán, féllu synir hennar og dætur einnig með. Ef þjóðin óx, að réttlæti uxu þeir. Og eru margir farnir að álfta nú að þessir fornu gyðingar hafi ekki verið svo fjærri sanni.

Þar sem þjóðin stendur lágt standa flestir meðlimir hennar lágt. Þar sem hugsjón hennar er óvegleg er sjálfsvirðing einstaklinganna líka á lágu stígi. Þar sem hún er andlega sofandi þar eru flest hennar börn lítthugsandi verur.

Dæmi þess eru oss öllum ljós fyrst af sögunni og svo í samtíðinni, og er eitt nú svo bert fyrir augum vorum að vér fáum ekki annað en séð það, þar sem Spánska þjóðin er. Þar er eitt það hörmulegasta þjóðar ástand er dæmi finnast til í vorum svonefnda siðaða heimi. Þjóð sú hefir sofð andvaralaust nú í heila öld. Ránglætið, harðýðgin og vanþekkingin er sú þrenning er haldið hefir vörð um landið. Kúgun hefir átt þar friðland. Menn hafa lokað augum fyrir óráðvendni. Réttleysi hefir verið algeng venja, trúleysi á sannleik og réttlæti legið eins og mara yfir borg og byggðum og virðingar skortur fyrir þjóðar metum verið algjör. Og svo er nú komið að uppskeru tímaðum, eins og líka verða hlaut. Nú þegar landi og þjóð liggur sem mest á einlægum huga og samtökum, þegar ekki eingöngu valdi þjóðarinnar er stór házki búinn, heldur og líka tilveru hennar, er eins og meir en annarhver maður sé búinn að missa alla mannúðar og metnaðar tilfinningu og orðinn að æðandi vargi er engu eyrir. Ekki til að rétta hlut síns eigin lands, ekki til að bjarga sinni eigin þjóð, heldur með brennum og morðum, æðistryltum og hryllilegum upphlaupum að auka nú á eymdina heima fyrir og baða borgir síns heimalands í blóði.

Það er hreint það sorglegasta og aumasta er sagan eða samtíðinn fær sýnt, þegar föðurlandi manna liggur sem mest á að þá skuli menn niðrast á því sem mest og mæta öllum sínum skyldum sem ódrengir. Mér er sama hvað stórsyndug sem stjórn og aðall væri, og um hvaða þjóð væri að ræða, þetta er þó mannana heimaland er sett hefir á sálir þeirra sín eigin einkenni,

skapað meir en helft þeirra sálarlífs og verið vörður þeirra og skjöldurog virðing á heimsmótinu þar sem þjóðirnar mætast. Sá tími, er ekki stundin til þess að breyta því sem aflaga hefir verið og bæta fyrir gömul brot. Tíminn til þess er þegar landið er ekki sundurslitið af eldi og ófriði.

En þegar þjóðin sefur, þá veita einstaklingarnir því ekki eftirtekt, hvenær hinn rétti vitjunar tími er, og hefjast skuli handa til umbóta. En bíða þess tíma, aumlega hörmunga tíma er hvorki réttar eða drenglund fær látið til sín heyra. En það eru laun, uppskera þess þegar þjóðin sjálf er sökkin í glötun og fordæming.

---

## KÖLSKI LANDRÆKUR

---

Í Svíþjóð hefir verið mikið deilt um djöfulin í vetur. Þar var svo sem víðar að margir klerkar voru teknir að heykjast við að setja upp hræðu þá í víngarðinum. Þó voru og þeir til, er eigi vildu missa karlinn. Þá var kennilyður landsins og kyrkjurstjórn tekin tali, svo að eigi varð undan komist, og sagt sem svo: "Allir vita að ýmsir af prestum kyrkjunnar kenna að djöfullinn sé eigi til. Ef kyrkjan heldur nú fast við fornar kreddur og úrskurðar samt sem áður að hann sé til, þá verður hún að dæma þessa menn trúvillinga. En ef þeirra skoðun verður ofan á, þá gjörrið svo vel og hættið að ógna oss með Kölska og hyski hans?" Niðurstaðan varð sú, að samþykkt hafði verið á mjög fjölmennri prestastefnu, að enginn djöfull sé til. Skal hér látið ósagt hvort áhangendur hans hafa beygt sig fyrir rökum andstæðinganna, eða þeir hafa séð að hin leiðin lá út í trúvilluofsóknir, sem ekki eru sérlega vinsælar síðan á miðöldunum og sem mundu hafa komið þeim verst í koll sjálfum. En hitt má segja, að með þessu sé nú Kölski útlægur ger úr allri Svíþjóð, og vænta menn að hann eigi þangað ekki afturkvæmt.

"Ingólfur"

## “ LÆRISVEINN SÉRA FRIÐRIKS ”

Í “Nýju Kirkjublaði” í Mar. þ. á. er þess getið að Hra. Skúla Johnson nemenda hjer við Wesley Skóla hafi hlotnast Cecil Rhodes námstyrkurinn við Oxford. Telur ritstjórinn það engu að síður fagnaðar efni þeim Íslendingum heima, er fylgjast með mentamáluu vorum hér, en oss. Er svo að skilja á öðrum stað í “N. Kkbl.” að þessi sæmd hafi Skúla hlotnast fyrir tilsögn Séra Friðriks.

“Tvitugur sveinn íslenzkur hefir nú hrept einn slíkan námsstyrk (Cecil Rhodes Scholarship) til 3 ára. Hann heitir Skúli Johnson, Húnvetningur, fæddur á Hlíð á Vatnsnesi, en héðan fór hann af landi ársгамall. Hann er lærisveinn Séra Friðriks J. Bergmans á Wesley-skólanum, og fer mikið orð af því að Skúli hefir verið talin maklegur svo ungur að aldri.”

Hér við Wesley-skólann eru allmargir kennarar og kennir hver sínar sérstöku fræðigreinar, og hefir ritstjóri Kirkjublaðsins sökum ókunnngleika ekki vitað um það, eða honum hefir þá verið hermt skakt frá. Með flestum þeirra hefir Skúli lesið eitthvað nema með Séra Friðriki, er kent hefir eingöngu íslenzku fram að þessu, undir tilsögn hans hefir hann aldrei verið. Undirbúnings fræðslu sína fékk Skúli við lýðháskóla (Collegiate) bæjarins, og upp úr honum innritaðist hann í fyrsta bekk háskólans. Íslenzku kenslunni við Wesley er það því ekki að þakka að Skúli var fundinn maklegur Cecil Rhodes námsstyrksins við Oxford.

## Til Viðskiptavina “Heimis” í Winnipeg

Með þessu blaði er á enda fimmti árgangur “Heimis”, og erum vér útgefendur hans mjög þakklátir til allra hans vina fyrir að stíðja að útkomu hans með því að kaupa hann og borga. En eins og við má búast eru enn nokkrir sem ekki hafa borgað árganginn, bæði vegna þess að það hefir verið frekar ervitt með peninga og svo vegna þess jeg hefi ekki gæfið mér tíma sem skyldi, til að sjá alla þá í Winnipeg sem skulda fyrir blaðið.

En nú af því, að fyrst og fremst er farið að rætast úr mestu peninga eklu hjá þeim búum, og svo af því “Heimir” þarf mikið með nú um áramótin til að geta staðið í skylum og borgað sínar skuldir, þáætla jeg að leyfa mér að fara þess á leit að menn minnst þessa og greiði fyrir komu minni er eg fer að finna þá sem skulda blaðinu hér í bænum. Með vinsemd og góða þökk fyrir liðna tíð.

G. J. GOODMUNDSON, innköllunar maður “Heimis.”



## LAUN GUDHRÆDSLUNNAR.

Saga eftir

SOPHUS SCHANDORPH.



[Niðurlag].

Pétur flýtti sér út með Krúsberg, undan hinum leynilegu forvitnisgægjum og hljóðbæru ekkastunum, safnaðarins.

— Á eg að útvega þér vagn? spurði Krúsberg þegar þeir voru komnir út á strætið.

— Nei, nei, nei! stundi Pétur J. Pétursson og bandaði til hans hendinni bænarlega.

— Þú ert víst voðalegur stór-syndari, Pédur minn!

— Þú ert.... þú ert.... þú ert margfalt verri en eg — því þú áttir húsalóðirnar, en eg þurfti að kaupa mínar — og....

— En eg er veikur, en þú ert hraustur.

— En konan mín er margfalt veikari en þú, Krúsberg. — Nei, nei, ó, ekki vagn. — Það er of dýrt — eg ætla að ganga heim til þess að bæta fyrir syndir mínar við guð. Svona, nú líður mér betur..

.... Er það líka nokkur prestur, sem segir annað eins og þetta? Er þetta kristindómur? Þegar maður er .... sparsamur og borgar öllum það sem þeim ber .....

æ, Krúsberg — fylgdu mér heim!

— Jú, úr því það er drottins

vilji. Og svo getur skeð, að þú verðir eins veikur og eg, Pédur. — Það er hegning frá drottni .....

Því hvað lóðunum viðvíkur, sem þú varst að tala um.... Þá held eg reyndar, að þú hafir grætt meira en eg hefi nokkurn tíma grætt.... Því þú lánar víst út peninga .... eða er ekki svo? — Og þú ert víst meðeigandi í heilmörgum gömlum húsum niður við Kristjánshöfn — ha? Og þú átt víst hluti í fjórum gistihúsum, eins og til dæmis þessu, "National" — ha? Snúðu hér í tíma, Pédur.

— Heyrðu, ..... hvað heitirðu nú aftur? Ef þú....., æ, eg er svo veikur og hræddur! Fylgdu mér heim ..... þú þarna utan af Austurbrú.

Gamalmennin lætrudæ þarna saman í snjókreppjuhríðinni, og skiftust einstöku sundurlausum orðum.

— Syndin, Pédur minn....

— Guð hjálpi mér, Krúsberg. Eg er veikur.

— Þá tekur þú sinnaskiftum og selur kofaskrattana niður við Kristjánshöfn.....

— O-já, o-já, hver veit?

— Heldurðu að þú komist ná einn, Pédur? Þekkirðu gostjörni-ina? Við erum á Fornastíg. Nú hlýtur þú að rata út á Brúarstræti.

Gremjan, sem fæuk í Pétur við félagan sinn fylti hann nýjum kröftum um stund. Hann vildi helst losast við fylginaut sinn, þegar hann varð þess var, að hann gat komist af án hans. Aleinn staulaðist hann því áleiðis.

### V.

Aleinn — enn órólegri en hann hafði nokkru sinni áður verið. Honum fanst alt á kviki og ókyrð innra með sér. Hann hlaut að vera verulega veikur, því hann var hræddur við alt og alla, mennina, sem mættu honum, búðarljóskerin, strætisljósastaurana, sem alt af urðu á vegi hans með svo argvítuglega jöfnu millibili. Pétur var eins hræddur við hvern einstakan staur, eins og væru það jafnmargir grimmir hundar er lægju í vegi fyrir honum, reiðubúnir að fljúga á hann.

— Nei, menn skyldu aldrei fara til slíkra náunga, sem ekki eru reglulegir prestar. Eins og hann líka talar til fólksins svinið að tarna. . . . . Krúsberg er þó sannarlega ekki betur kristinn en eg, og hann á hvorki konu né börn, og þarf ekki um aðra að hugsa en sjálfan sig. Það er líklegast loftið í þessum lága sal. . . . . og af því að bakfjölin vantaði á þekkinna. . . . . og af því að. . . . .

Pétur gat ekki grufað upp fleiri ástæður hugsunum sínum til stuðnings. Þegar hann var búinn að endurtaka þær og rifja upp a ýmsa vegu aftur og aftur, tók hann að reka út á haf ótta og skelfingar. Hann stundi og blés mæðilega. Að síðustu rak hann upp hljóð, um leið og hann rak öxlina í ljósersstaur. Þarna kom strætisvagn. Átti hann að reyna . . . . Nei, slíkt náði ekki nokkurri átt. Því þegar aðrir eins menn og þessi utanveltu prestur gátu fengið af sér að húðskamma fólk fyrir að vilja spara lyfsalareikninginn. . . . . og af því að menn héldu, að vinið kryddmangarans væri eins gott og vín-  
salans . . . . . hvað myndi hann þá segja, ef menn í fyrsta sinni á æf-  
inni tækju til að ferðast með þessum ófétisvögnum? Æ, æ, æjá! eg vil helst ekki koma heim! O, guð minn góður! Eg þori það ekki! Það hefir víst eitthvað sjóðandi vitlaust komið fyrir. Kannske eg ætti að fara inn í Hólma-kirkjuna? Þar er ljós. Nei, . . . . nei. . . . . eg þori víst aldrei að fara í kirkju frammar.

Pétur drógst áfram yfir Knipi-  
ingabruna eins þunglamalega eins og honum hefði verið beitt fyrir háfermdan dráttarvagn. Vindurinn gnauðaði um eyrun á honum og snjóflyksrarnar gáfu honum ónota löðruna hvað eftir annað.

— O-já, eg skal gefa Pálinu tíu króna pening. . . . . Nei, það er þá langt of vitlaust. Eg skal gefa henni sænskan fimm króna seðil —

fyrir hann getur hún svo keypt flösku af dýra portvíninu . . . . svo . . . . . Nei, nei, — ekki einn skil-  
ing. . . . . Eg sé að hún hefir kveikt ljós í setustofunni þrátt fyrir boð mín og bönn . . . . . og auðvitað þá líka lagt í ofninn. . . .  
Á eg þá að vera kvalinn bæði á sál og líkama og rúinn efnalega? Ó, þetta ljós í setustofunni!

Þetta olli Pétri þvílíkar gremju að hinir þverrandi krakkar fimmðu svo ótrúlega upp, að hann komst tiltölulega léttilega upp útitróppurnar.

— Hvað var þetta? Moskuslykt!

Pétur kiknaði í knjálidunum á meðan hann hringdi dyrabjöllunni.

Áður en nokkur kom til dyranna heyrði hann skraf og gráthljóð innan við hurðina. Það var sumsé engin forstofa að herbergjun þeirra.

Hann hríðskalf og nötraði. Hann gat ekki einu sinni ráðið við þessar fáu tennur, sem eftir voru í munnum. Nafrarnir í neðri skoltinum læstust upp í holurnar í efri skoltinum, og hið gagnstæða, eins og þegar tennur í mylluhjólum leggjast á misvíxl.

Hann hringdi aftur, titrandi af kulda og taugaóstyrk.

Dyrnar opnuðust, og hin gremjulega mikla ljósbirta streymdi út í stigaganginn, sem húseigandinn hafði aldrei tímt að eyða gasljósi í.

Tveir lampar á gamla furuborð-

inu! Einmitt það, báðir silfurbrúðkaupslamparnir!

Og auk ljóssins var vellandi hiti.

Andspænis dyrunum í legubekknun, legubekknun hans sjálfs sem hann hafði fengið sér svo margan blund í, lesið margt sunnudags guðspjallið í, sátu tvær kvensníttir. Tár þeirra tindruðu við lampa ljósið.

Nú fyrst sá hann, að það var Pálína, sem lauk upp fyrir honum.

Hún var öll grátbólgin, og augun í henni leiftraðu af vonzket og tryllingsskap framan í föður sína.

— Mamma er dæin, sagði hún með þurlegum, skjálfandi rómi, sem var líkastur þyt frostvindarins í mjörri viðargrein.

Pétur rak upp hljóð.

— Það er lygi!

Pálína hélt áfram:

— Og eg átti að bera þér kveðju frá henni og mér með þakklæti fyrir alt gott. Ætlarðu inn eða út?

Hann hrökkladist aftur á bak, en hélt sér ósjálfrátt í handriðið.

Hurðinni var skelt aftur. — Kolniða myrkur.

Daginn eftir var þetta í blöðunum:

“Aldraður maður, sæmilega vel til fara, faust klukkan 10 í gærkveldi meðvitundarlaus í grjóthrógu utan við Amakurhlið. Hann var fyrst fluttur á næstu lögreglustöðvar. Læknir var sóttur, og kendi hann um niðurfallsýki.

Hann var fluttur á alþýðu sjúkrahúsið, og þar dó hann skömmu síðar."

## VL

Pálína kenndi í skólanum eins og áður í eitt missiri eftir lát foreldra sinna.

Þáinn var slitid. Það kom í ljós, að hún var einkaerfingi að 80.000 krónum.

Það fyrsta, er henni varð að orði, þegar henni voru tilkytt úrslitin, var:

— Hvað á eg, vesalingurinn, með alla þessa peninga að gjöra?

Hún var á ferli eitt ár eftir þetta. Þá lagðist hún í uppdráttarsýki, og dó án þess að semja nokkra arfleidsluskra.

Aleíga Péturs Jakobs Péturssonar, sem hann hafði safnað með óþrjótandi elju og gróðabralli, leynilegu og leyfilegu okri og smáttunasemi, skiftist í smáparta í milli 20 eða 30 útarfa á Jótlandi og eyjunum.

Að eins fékk kirkjari, sem Pálína var skíð í, það sem faðir hennar ánafnaði henni á skírnarlegi dóttur sinnar.

*Þýðingin eftir Viðar.*

## Vísá

Stúdíó úr ensku.

Hve smátt af því sem fær  
oss glatt og grætt  
fær gylfavaldið skaðað  
eða bætt.

Í sjálfs vors vald er sett  
að vera menn:  
vér sjálfir vora gæfu smíð-  
um enn.

*b. b.*

## HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.  
Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

UTGEFENDER: NOKKRIR ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI.

Afgreiðslustofa bladsins: 582 Sargent Avenue.  
RITSTJÓRI: Rögnvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

PRENTARI: Gísli Jónsson, 582 Sargent Ave.